

# Leiðarvísir fyrir foreldra

*Ýmsar gagnlegar upplýsingar sem varða skólastarfið og samstarf heimila og skóla.*



# Hagnýtar upplýsingar

## Skólasetning

Nemendur koma til stuttrar athafnar á sal og fylgja síðan umsjónarkennara sínum í skólastofu þar sem þeir fá afhentar upplýsingar um komandi skólaár.

## Starfsdagar

Kennurum er nauðsynlegt að staldra við með reglulegu millibili, horfa um öxl og velta fyrir sér hvernig til hefur tekist. Jafnframt þurfa þeir að líta fram á veginn, skipuleggja starfið framundan og stilla strengi sína saman við aðra kennara í skólanum. Til þessa starfs hafa þeir fimm daga á skólaárinu. Þá daga mæta nemendur ekki í skólann. Nánari upplýsingar um starfsdaga er að finna í skóladagatalinu sem er á heimasíðu skólans.

## Sveigjanlegir skóladagar

Sveigjanlegir skóladagar eru 10 á hverju skólaári. Þeir geta verið óhefðbundnir og styttri en venjulegir skóladagar. Skólasetning, skólaslit, foreldradagar og jólaskemmtanir eru dæmi um slíka daga. Skólinn tilkynnir með góðum fyrirvara hvernig þeim dögum sem óráðstafað er verður varið.

## Ferðalög

Farið er í stuttar ferðir í tengslum við skólastarfið, fyrirtæki eru heimsótt, farið á söfn, í húsdýragarðinn og fleira. Að vori fara nemendur að jafnaði í dagsferð. Ef ferð á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra.

Við leggjum áherslu á að ferðalög séu hluti af skólastarfinu og þar eiga börnin að hlýða kennaranum og öðrum fullorðnum sem eru til aðstoðar, ekki síður en í skólastofunni. Foreldrar eru beðnir um að brýna það fyrir börnum sínum. Nemandi sem óhlýðnast kennara í skólaferðalagi getur átt það á hættu að verða sendur heim á eigin kostnað.

## Skólaslit

Nemendur í 1. – 6. bekk koma til stuttrar athafnar á sal og fylgja síðan bekkjarkennara í stofu og fá vitnisburð afhentan. Nemendur 7. bekkja útskrifast úr skólanum síðasta dag skólaársins. Þá er athöfn á sal þar sem nemendur kveðja skólann, rifja upp minningar frá skólagöngu sinni, lesa ljóð eða leika á hljóðfæri. Að því loknu fá þeir afhentan vitnisburð og skólanum er slitið. Þá setjast allir að veglegu veisluborði í boði foreldra og skólans.

**Vitnisburður**

Vitnisburði er skilað til nemenda í janúar og júní.

**Samræmd próf í 4. og 7. bekk**

Samræmd próf í íslensku og stærðfræði eru þreytt í grunnskólum landsins í október ár hvert. Í september er foreldrum nemenda í 4. og 7. bekk send heim bréf frá Námsmatsstofnun með upplýsingum um prófin. Á heimasíðu Námsmatsstofnunar má finna allar nánari upplýsingar um prófin.

Heimasíða Námsmatsstofnunar er: [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is)

**Foreldraviðtöl**

Foreldradagar eru tvisvar á skólaári. Upplýsingar um foreldradaga er að finna í skóladagatali á heimasíðu skólans. Einnig fá foreldrar send heim blöð með tímasetningu viðtala. Þá mæta nemendur ásamt foreldrum sínum til umsjónakennara. Aðrir kennarar skólans eru einnig til viðtals þessa daga. Auk þess er hver kennari með fastan viðtalstíma einu sinni í viku. Ef ná þarf tali af kennara utan viðtalstíma er hægt að skilja eftir skilaboð á skrifstofu skólans og viðkomandi kennari hefur samband við fyrstu hentugleika.

**Vetrarfrí**

Skólinn hefur rétt á að taka allt að fimm daga í vetrarfrí á skólaárinu. Upplýsingar um tímasetningu vetrarleyfa þessa skólaárs má finna í skóladagatali á heimasíðu skólans.

**Opnun á morgnana**

Klukkan átta á morgnana mega nemendur fara inn í sína stofu og setjast þar og fara að læra eða bíða róleg eftir að kennslustund hefjist. Þeir sem fara í sérgreinar fara með dót sitt í sína stofu og bíða þar uns bjallan hringir.

**Nesti**

Á hverjum degi er a.m.k. einn nestistími, í kringum löngu frímínúturnar. Nemendur koma með hollt nesti að heiman, brauð, ávexti eða grænmeti - ekki sætabrauð. Mjólk er seld í áskrift í skólanum, einnig geta nemendur fengið vatn. Skólaárinu er skipt í tvö áskriftartímabil og í upphafi hvers þeirra verða sendir út pöntunarseðlar með upplýsingum um verð. Foreldrar merkja við og skila pöntuninni ásamt greiðslu til ritara skólans. Nemendur fá mjólkina afgreidda samkvæmt staðfestri pöntun á hverju tímabili.

## Heitur matur

Sótt er um mataráskrif á skrifstofu skólans, þar eru fyllt út sérstök eyðublöð sem skila þarf inn með undirskrift forráðamanns..

Áskriftartímabilið frá 1. hvers mánaðar og er einn mánuður í senn.

Greitt er fyrirfram og er gjalddagi 1. hvers mánaðar og eindagi 7. hvers mánaðar. Greiðsluseðill er sendur heim og biðjum við foreldra vinsamlegast að greiða hann á réttum tíma. Ef til vanskila kemur er ekki hægt að tryggja áframhaldandi mataráskrift.

Ef foreldrar ætla að segja upp mataráskrift þarf að gera það fyrir 20. hvers mánaðar til að uppsögn taki gildi 1. næsta mánaðar

## Umgengisreglur í matsal

Við göngum hljóðlega inn í matsalinn.

Við förum í röð við afgreiðsluna meðan við bíðum eftir að fá matinn.

Við sýnum ávallt kurteisi og tölum saman í lágum hljóðum.

Við göngum frá eftir okkur, förum með diska, hnífapör og glös á sinn stað.

Við bíðum eftir leyfi kennara til að fara úr matsalnum.

Skólinn áskilur sér allan rétt til að vísa þeim nemendum úr mötuneyti sem ekki geta farið eftir settum reglum eða vegna vanskila áskriftargjalda.

## Næðisstund

Um hádegisbil er gert hlé á hefðbundinni kennslu nemenda. Þá borða þau heitan mat sem þau geta keypt í skólanum eða nesti sem þau koma með að heiman. Að því loknu fara þau út í frímínútur.

## Leiðin í skólann

Margar hættur leynast í umferðinni. Allir vegfarendur, hvort sem þeir eru akandi, gangandi eða hjólandi þurfa alltaf að sýna tillitsemi og aðgát, ekki síst í nágrenni skóla. Við þurfum öll að leggjast á eitt til þess að koma í veg fyrir slysi í umferðinni. Nemendur eiga að gæta ýtrustu varúðar á leið sinni í skólann og bera endurskinsmerki, svo ökumenn eigi auðveldara með að sjá þá. Ökumenn verða að fara varlega og vera við öllu búnir, sérstaklega í nánd við skólann.

Foreldrar þurfa að fylgja ungum börnum sínum í skólann og sýna þeim hvaða leið er öruggust og best og brýna stöðugt fyrir þeim að gæta varúðar.

Umferðaröryggisvörður er við gangbraut skólans við Selásbraut. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til að nota þá gangbraut.

Foreldrar eru hvattir til að hvetja börn sín til að ganga í skólann. Á þann hátt komum við í veg fyrir umferðaröngþveiti og slysaþættu sem oft myndast við skólann á morgnana

### **Reiðhjól**

Þeir sem koma á hjóli í skólann skulu gæta þess að hafa allan öryggisbúnað í lagi og muna eftir hjálminum. Hjólreiðamenn verða líka að kunna umferðarreglurnar. Á skólatíma eiga hjólin að vera í hjólagrindum og vegna slysaþættu á skólavelli er ekki leyfilegt að hjóla þar frá kl. 8:00 - 17:00 virka daga.

Skólinn ber enga ábyrgð vegna skemmda er kunna að verða unnar á hjólunum á skólalóðinni.

Ekki má vera á hlaupahjólum, hjólabrettum, línuskautum eða hjólaskautum á skólalóðinni á skólatíma.

### **Snjóþotur – sleðar**

Við mælumst til þess að nemendur komi ekki með snjóþotur eða sleða í skólann. Við höfum ekki aðstöðu til að geyma slíka gripí meðan á kennslu stendur. Hins vegar eru svokallaðir þoturassar fyrirferðaminni og nemendur mega koma með þá ef þeir merkja þá vel.

### **Frímínútur**

Nemendur fara alltaf út í frímínútur og þurfa því ævinlega að vera klæddir eftir veðri. Nemendum ber að halda sig innan marka leiksvæðanna sem eru á skólalóðinni í frímínútum.

Að lágmarki eru 4 kennarar og aðrir starfsmenn í gæslu í frímínútum og geta nemendur leitað til þeirra ef eitthvað bjátar á. Þegar frímínútum er lokið fara nemendur í raðir við útidyr og bíða eftir að kennari þeirra koma og bjóði þeim inn. Ef nemandi þarf að vera inni í frímínútum þarf hann að koma með skriflega beiðni frá foreldrum og láta umsjónakennara sinn hafa. Umsjónakennari sér um að láta skólaliða vita.

Kennari sér um að koma sínum nemendum út í frímínútur.

### **Farsímar, leikjatölvur og vasadiskó**

Rétt er að vekja athygli á að nemendum er óheimilt að nota farsíma eða vera með leikjatölvur, vasadiskó, iPod, MP3 spilara eða annað sem getur truflað vinnu nemenda. Verði kennari eða starfsmaður var við að nemandi óhlýðnist þessu gerir hann tækið upptækt og afhendir umsjónakennara. Nemandi fær tækið í lok skóladags. Verði vart við að hann endurtaki leikinn er tækið afhent aðstoðarskólalastjóra. Foreldrar geta nálgast tækið hjá honum.

**Hr. Hreinn**

Bekkjardeildir sjá um að hreinsa skólalóðina í eina viku hver undir stjórn umsjónarkennara.

Að lokinni úthlutaðri viku fara umsjónarmenn með Hr. Hrein til næsta bekkjar. Kennarar og nemendur verða að fylgjast með því hvenær þeirra vika er. Tafla um það hvenær hver bekkur á að hreinsa hangir uppi í hverri kennslustofu og víðar. Það sem gera skal er: að tína upp rusl á skólalóðinni og í beðum og sópa ef þörf er á.

**Veikindi – forföll**

Tilkynnið forföll eins fljótt og unnt er. Forföll ber að tilkynna á skrifstofu skólans í síma 567 2600 eða í gegnum skráningarkerfi Mentors. Látið jafnframt vita hvort barnið á að vera í Víðiseli þannig að tryggt sé að boðum sé komið þangað. Ef ekki er tilkynnt um veikindi eða leyfi til skólans er litið á fjarveru sem óheimila.

**Veikindi kennara**

Kennarar eiga það til að veikjast og reynum við eftir mætti að fá forfallakennara. Það tekst ekki alltaf og þá getur komi upp sú staða að við þurfum að fella niður kennslu og senda nemendur heim. Það á þó aðeins við nemendur í 5. - 7. bekk.

**Leyfi**

Ef nemandi þarf að fá leyfi í kennslustund skulu forráðamenn hafa samband við umsjónarkennara. Umsjónarkennari hefur heimild til að veita leyfi í 1 - 2 daga. Lengri leyfi skal sækja um skriflega á skrifstofu skólans. Vegna þeirra áhrifa sem miklar fjarvistir hafa á námsgengi barna mælumst við til þess að foreldrar haldi slíku í lágmarki.

**Ef óveður brestur á**

Að fella niður kennslu vegna óveðurs er neyðarúrræði. Ef foreldrar telja veður viðsjárvert og hættulegt börnum sínum og engin tilkynning hefur komið frá skólayfirvöldum um að skólahald falli niður, verða þeir að meta hvort þeir halda þeim heima eða senda þau í skólann. Það eru fyrst og fremst foreldrarnir sem bera ábyrgð á börnum sínum. Slík forföll ber að tilkynna eins og önnur forföll.

**Bækur**

Námsbækur og bækur af skólasafni sem nemendur fá að láni eru eign skólans. Þeim ber að fara

mjög vel með þær enda eru þær að jafnaði notaðar í nokkur ár. Bækur eru dýrar og því betur sem farið er með þær þeim mun lengur getum við notað þær. Við það sparast fjármunir sem við getum notað til annarra hluta í skólastarfinu. Ef nemendur skemma bækur eða týna þeim verða þeir að bæta skólanum tjónið.

## Óskilamunir

Mikið magn óskilamuna safnast upp í skólanum í hverjum mánuði. Mest eru þetta flíkur af ýmsu tagi, þar á meðal óslitnar flíkur. Ef fatnaður eða eigur nemenda skila sér ekki heim að loknum skóladegi geta foreldrar haft samband við skólaliða eða umsjónarmann. Foreldrar eru minntir á mikilvægi þess að merkja allan fatnað, skó, töskur og annað sem nemandinn þarf að nota í skólanum. Í lok skólaárs er ósöttum fatnaði safnað saman og hann gefinn Rauða krossinum.

## Myndatökur

Á hverju ári eru teknar myndir af nemendum í 1., 4. og 7. bekk. Nemendum gefst kostur á að kaupa þessar myndir, auk þess fær skólinn eintök til varðveislu.

## Leikskólar

Selásskóli er í samstarfi við leikskólana í hverfinu. Markmið með samstarfinu er að auka upplýsingastreymi á milli skólastiganna og fá sameiginlega sýn á þroska og færni barna á mótum leikskóla og grunnskóla.

Samstarf milli leikskólanna í hverfinu og skólans er eftirfarandi:

Í nóvember fara nemendur í 1. bekk Selásskóla í heimsókn í leikskólana og dvelja þar í um það bil eina klukkustund. Í desember koma leikskólanemendurnir í heimsókn í skólann, fá kynningu á skólanum, heilsa upp á nemendur í 1. bekk og fá síðan sögustund á skólasafni. Í febrúar og mars koma leikskólanemendur í litlum hópum, fjórir til fimm saman ásamt leikskólakennara og eru með nemendum í 1. bekk í þrjár kennslustundir. Í apríl – maí er skilafundur leikskólanna vegna væntanlegra nemenda næsta skólaár. Í maí - júní koma leikskólanemendurnir í skólastund í skólann og eru með kennurum í tvær kennslustundir. Á meðan sitja foreldrar fund á sal þar sem meðal annars fer fram kynning á skólanum, stefnu skólans og sérstöðu. Einnig er hjúkrunarfræðingur skólans með erindi um þroska barna.

Á starfsdögum kennara og í jóla-, páska- og sumarleyfum hafa leikskólarnir haft aðgang að íþróttahúsi skólans.

## Árbæjarskóli

Þegar líður að vori er skilafundur vegna flutnings nemenda úr Selásskóla yfir í Árbæjarskóla. Þar sem upplýsingum um námstöðu nemendanna er miðlað. Í framhaldi af þeim fundi býður skólastjóri Árbæjarskóla öllum 12 ára nemendum úr Selásskóla í heimsókn, þar segir hann þeim í stuttu máli frá starfinu, jafnframt gengur hann með þeim um skólahúsnæðið.

### Um endurgreiðslur vegna slysa og tjóna

Því miður gerist það annað slagið að nemendur meiða sig í skólanum. Stundum er um svo alvarleg meiðsl að ræða að leita verður læknis og því fylgir kostnaður. Menntasvið Reykjavíkur hefur fastar reglur varðandi greiðslur vegna slysa í skóla /skólalóð, og eru þær þessar.

- Menntasvið greiðir reikninga vegna komu nemenda á slysadeild vegna meiðsla sem orðið hafa í skóla eða á skólalóð og í ferðum/ferðalögum á vegum skóla. Aðeins er um tvær fyrstu komur að ræða.
- Reikningar vegna stoðtækja eru ekki greiddir.
- Kostnaður vegna flutninga nemenda milli skóla og slysadeildar er greiddur.
- Tjón á eigum nemenda, s.s. fatnaði, gleraugum o.þ.h. er ekki bætt nema það verði rakið til mistaka eða sakar starfsmanna Reykjavíkurborgar sem við skólann starfa, eða vegna vanbúnaðar skólahúsnæðis.
- Tannviðgerðir á nemendum tilkomnar vegna slysa í skóla eða á skólalóð á skólatíma eru endurgreiddar foreldrum að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Það sem eftir er greiðir borgarsjóður, þó ekki hærrí upphæð en kr. 100.000,00 vegna einstaks slyss.
- Menntasvið er heimilt að semja um að kostnaðarþátttaka Reykjavíkurborgar vegna tannviðgerða, sem eru afleiðing slyss í grunnskóla, gildi í allt að 3 ár eftir að grunnskóla lýkur. Slíkan samning skal gera eigi síðar en 6 mánuðum eftir slys.

### Frístundaheimilið Víðisel

Víðisel er ætlað nemendum í 1. – 4. bekk Selásskóla sem þurfa lengri viðveru í skólanum en þann kennslutíma sem lögboðinn er fyrir þeirra aldur. Starfsemi Víðisels er rekin af Íþróttá- og tómsunduraráði og er starfsemin á þeirra ábyrgð. Allar upplýsingar um starfsemina, þar á meðal umsóknareyðublöð og gjaldskrá má finna á heimasíðu Víðisels. <http://www.arsel.is/Vidisel>.



# Samstarf heimila og skólans

*Í erli og hraða samfélagsins sem við lifum í, er þörf á því að ala börn upp í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Þau þurfa að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera manneskja. Uppeldi barnanna er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra. Foreldrar kenna þeim umgengisvenjur, kurteisi og háttprýði og í Selásskóla þjálfast þau í samskiptum við aðra og að vera þátttakendur í samfélagi ólíkra einstaklinga. Selásskóli leggur áherslu á samstarf við foreldra með velferð nemenda að leiðarljósi.*

*(Úr stefnu Selásskóla)*

## **Bæði feður og mæður!**

Selásskóli leggur áherslu á að bæði feður og mæður nemenda komi að samstarfi við skólann. Samskipti foreldra við skóla hafa löngum verið borin uppi af mæðrum nemenda en mjög mikilvægt er að feðurnir taki einnig virkan þátt. Við hvetjum þá því sérstaklega til þátttöku og að fylgjast vel með því sem börn þeirra eru að gera í skólanum.

## **Námskynningar**

Námskynningar eru haldnar í upphafi hvers skólaárs. Þar fá foreldrar kynningu á starfi skólans og þeirri kennslu sem börn þeirra eiga að fá yfir veturinn. Ætlast er til að allir foreldrar sækji kynningarnar bæði til þess að þeir heyri hvað börn þeirra eiga að vinna að um veturinn og einnig til þess að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri við kennara og skólastjóra.

## **Bekkjarfundir**

Bekkjarfundir eru haldnir eftir því sem þurfa þykir. Þar eru rædd málefni sem snerta bekkinn sem slíkan.

## **Árgangafundir.**

Stundum eru foreldrar barna í einum árgangi boðaðir til fundar t.d. til að kynna nýbreytnistarf sem fyrirhugað er að fara af stað með.

Stöku sinnum eru haldnir fundir með foreldrum allra barna í skólanum. Þá er t.d. verið að kynna og efna til umræðna um breytt fyrirkomulag í skólamállum í hverfinu eða önnur mál sem brýnt er að allir foreldrar fái tækifæri til að koma að. Fundir af þessu tagi eru gjarnan fræðslufundir með fyrirlestrum og umræðum að þeim loknum

Í tengslum við námskynningar kennara eru foreldrar barna í 2. til 6. bekk boðnir til

morgunverðafundar með skólastjórnendum í sept.. Þar gefst skólastjórnendum tækifæri á að kynna skólann og starfsemi hans og foreldrum að hitta skólastjórnendur og aðra foreldra. Foreldrum nemenda í 7.bekk er aftur boðið til morgunfundar að vori og eru þá fengnir gestir á þann fund. Gestirnir eru fulltrúar þeirra stofnanna sem koma til með að vinna með unglíngana eftir að þeir kveðja Selásskóla. Á þessa fundi hafa komið fulltrúar frá Árbæjarskóla, Árseli, Árbæjarkirkju, Hverfismiðstöð lögreglunnar og Þjónustumiðstöð Árbæjar.

### **Foreldraviðtöl.**

Allir kennarar skólans eru með fastan viðtalstíma í viku hverri. Þá geta foreldrar haft samband við þá og leitað upplýsinga, komið með ábendingar og rætt málin. Kennarar nota viðtalstímana einnig til að hafa samband við foreldra.

Foreldrar eru boðaðir til formlegra viðtala við umsjónarkennara tvisvar á skólaárinu. Viðtöl þessi er afar mikilvæg fyrir nám barnanna og brýnt að báðir foreldrar mæti, sé þess nokkur kostur.

Foreldrar geta pantað viðtalstíma utan þess sem hér hefur verið nefnt bæði við kennara og skólastjórnendur. Það þarf að jafnaði gera með nokkrum fyrirvara.

Möguleikar eru á samskiptum í gegnum tölvupóst.

### **Upplýsingamiðlun**

Skólinn miðlar upplýsingum til foreldra um skólastarfið með ýmsum hætti.

Vefsíða [www.selasskoli.is](http://www.selasskoli.is) skólans flytur fréttir úr starfi skólans og tilkynningar varðandi skólastarfið. Þar er að finna nauðsynlegar upplýsingar um skólastarfið og ýmislegt gagnlegt um uppeldi, nám og kennslu. Kennurum er í sjálfsveld sett hvort þeir upplýsi foreldra um starf í bekkjum eða námsgreinum með fréttabréfi eða á heimasíðu. Eftir því sem þurfa þykir eru sendir miðar og tölvupóstur með tilkynningum um eitt og annað sem á döfinni er og nauðsynlegt er að foreldrar viti um. Foreldrar geta fengið ýmsar upplýsingar um nám barna sinna í gegnum skráningakerfið Mentor. Aðgangsorð geta foreldrar fengið hjá ritara skólans.

Foreldrum barna sem eru að hefja nám í Selásskóla fá foreldrahandbók afhenta við innritun.

### **Sýningar - viðburðir**

Nemendur skólans koma öðru hvoru saman á sal. Þar eru ýmsar uppákomur, leikrit og söngur. Ýmist eru viðburðir á sal í höndum bekkja og árganga eða utanaðkomandi aðila. Þegar nemendur hafa séð um sýningarnar hafa þeir boðið foreldrum sínum að koma í skólann og sjá sýningarnar. Fastir liðir undanfarin ár hafa verið samsöngur í 1. – 4. bekk, tónlist fyrir alla, helgileikur sem 7. bekkur hefur séð um og

Ljósahátíð sem 4. bekkur sér um.

## Útskrift

Útskrift nemenda í 7. bekk er mikill viðburður og koma foreldrar með börnum sínum á útskriftina. Eftir athöfn á sal þar sem nemendur kveðja skólann og fá afhentan vitnisburð er sameiginlegt kaffi fyrir nemendur, foreldra, kennara og starfsfólk.

Þá eru foreldrar yngri barna velkomnir á skólasetningu að hausti og skólaslit að vori.

## Þátttaka foreldra í starfi skólans

Foreldrar geta með ýmsum hætti tekið þátt í skólastarfinu. Stundum er óskað eftir því að þeir komi með í ferðir á vegum skólans og vera kennurum þar til aðstoðar. Stundum er þeim boðið í kennslustundir til kynningar eða jafnvel til að aðstoða kennara þegar mikið er um að vera. Þá aðstoða foreldrar við sýningar á sal og fleira. Mikilvægasta þátttaka foreldra í skólastarfinu er þó aðstoð þeirra við heimanám barna sinna. Heimanám gerir öllum börnum gagn. Vel skipulagt heimanám bætir ekki aðeins upp námið í skólanum heldur kennir nemendum sjálfstæði í námi, ábyrgð og sjálfsögun. Það er mikilvægt að foreldrar setjist daglega niður með börnum sínum og líti yfir vinnu þeirra. Þannig átta foreldrar sig á hvað börnin gera í skólanum, auk þess sem það er þeim dýrmætt tækifæri til að ræða um námið við þau. Gert er ráð fyrir að foreldrar sinni lestrarnáminu og láti börn sín lesa í 10 - 20 mínútur dag hvern.

## Góð ráð til foreldra

1. Spyrjið ykkur: Hvernig get ég best tekið þátt í menntun barnsins míns?
2. Lesið fyrir börnin hafið margskonar lestrarefni á boðstólum handa þeim og farið með þeim á bókasafn.
3. Hvetjið barnið til að sækja skólann og brýnið fyrir því að fjarvistir eru óheimilar.
4. Hafið stjórn á því hve lengi barnið horfir á sjónvarp og situr við tölvu.
5. Sjáið til þess að barnið hafi frið til að sinna heimaverkefnum sínum og veitið því hjálp við heimavinnuna og lítið eftir því að hún sé unnin daglega.
6. Örvið börnin til þátttöku í ýmiss konar tómsunda- og fræðandi störfum í lengri skólafríum.
7. Hvetjið börnin til að leggja hart að sér við námið.
8. Verið ætíð í góðu sambandi við kennara barnsins.
9. Verið tilbúin að taka þátt í sjálfboðastarfi í skólanum sé eftir því leitað.
10. Takið þátt í tilraunum sem lúta að bættu skólastarfi og takið þátt í ýmsum nefndarstörfum sem verða til þess að bæta skólastarfið.

## Foreldrafélag og skólaráð

Foreldrafélag er starfandi við skólann. Það skipuleggur starf foreldra í bekkjum og stendur fyrir uppákomum, fræðslufundum og fleiru.

Skv. lögum starfar skólaráð við skólann. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Í skólaráði sitja auk stjórnenda fulltrúar foreldra, starfsfólks og nemenda.

## Bekkjarfulltrúar

Bekkjarfulltrúar gegna stóru hlutverki í samstarfi heimilis og skóla. Þeir starfa í nánú sambandi við stjórn foreldrafélagsins og standa fyrir skemmtunum og atburðum í bekkjunum sem þeir eru fulltrúar fyrir.